

## Fylgiskjal III

með ákvörðun nr. 12/2021, Samruni Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða.

## Könnun Samkeppniseftirlitsins á meðal neytenda

### Efnisyfirlit

Niðurstöður könnunar Samkeppniseftirlitsins á meðal neytenda.....	2
1. Kjúklingur og lambakjöt njóta mestra vinsælda.....	3
2. Neytendur kaupa kjöt í langflestum tilvikum í matvöruverslunum.....	5
3. Uppruni og gæði kjöts skiptir neytendur mestu máli .....	6
4. Spurningar um staðgöngu á milli kjöttegunda .....	8
4.1. Takmörkuð staðganga á milli reykt lambakjöts og annars kjöts.....	8
4.2. Takmörkuð staðganga á milli reykt svínakjöts og annars kjöts.....	9
4.3. Takmörkuð staðganga á milli hangiáleggs og annars áleggs .....	10
5. Neytendur áhugasamir um beint frá byli en takmarkað aðgengi að slíkum vörum.....	12
6. Áberandi mest samkeppnisvandamál í sölu lambakjöts hér á landi.....	14
7. Áþekkt hlutfall neytenda telur aukinn innflutnings á kjöti hafa haft jákvæð og neikvæð áhrif á hag þeirra.....	17
8. Tæpur helmingur neytenda telur frekari lækkun eða niðurfellingu tolla hafa jákvæð áhrif á kjör neytenda en rúmlega fimmtungur að áhrifin séu neikvæð .....	18
Skýrsla Zenter - niðurstöður könnunar á meðal neytenda sem framkvæmd var fyrir Samkeppniseftirlitið .....	19



## Niðurstöður könnunar Samkeppniseftirlitsins á meðal neytenda


1. Líkt og rakið er í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2021, *Samruni Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða*, framkvæmdi Zenter neytendakönnun að beiðni Samkeppniseftirlitsins, dagana 11. til 22. desember 2020 í tengslum við rannsókn málsins. Verður hér gerð grein fyrir framkvæmd hennar og helstu niðurstöðum.
2. Meginmarkmið könnunarinnar var þrjúþætt. Í fyrsta lagi að kanna hvaða þættir hafi áhrif á val neytenda á kjötvörum og söluaðilum þeirra. Í öðru lagi að varpa ljósi á hvernig undirmarkaðir skiptast fyrir unnar kjötvörur, sér í lagi fyrir reykt kjöt, og í þriðja lagi að kanna afstöðu neytenda til virkni samkeppni á mörkuðum fyrir kjötafurðir.
3. Samrunaaðilum gafst tækifæri á að koma að sjónarmiðum vegna könnunarinnar og þann 7. desember 2020 staðfestu þeir að ekki væru gerðar efnislegar athugasemdir við efni hennar. Í kjölfarið, eftir að Samkeppniseftirlitið hafði í samráði við Zenter rýnt og gert minniháttar lagfæringar á spurningarlistanum, var könnunin send út þann 11. desember 2020.
4. Könnunin var send til 2.500 einstaklinga úr könnunarhóp Zenter rannsókna, 18 ára og eldri á Íslandi. Svör bárust frá 1.285 einstaklingum, þ.e. 51% svarhlutfall. Verður hér fjallað með almennum hætti um helstu niðurstöður könnunarinnar.



## 1. Kjúklingur og lambakjöt njóta mestra vinsælda

### Spurning 1

5. Í könnuninni voru þátttakendur spurðir hvaða tilteknu kjötvörur, ef einhverjar, þeir kaupi yfirleitt fyrir sig eða heimili sitt. Svör við spurningunni má sjá á mynd 1.




*Mynd 1: Svör við spurningunni „Hverjar, ef einhverjar af eftirtöldum kjötvörum kaupir þú yfirleitt fyrir þig eða heimili þitt?“ Myndin sýnir aðeins hlutfall þeirra sem tóku afstöðu.*

6. Af svörunum sést að kjúklingakjöt er vinsælasta kjöttegundin á meðal neytenda (76,7%) en þar á eftir kemur lambakjöt (63,3%). Rúmlega helmingur segist kaupa nautakjöt reglulega og 43,2% svínakjöt. Minna en fimmtungur svarenda sagðist kaupa reglulega hrossakjöt. 6,7% þeirra sem tóku afstöðu kváðust ekki kaupa kjöt. Í spurningum sem á eftir komu, þ.e. spurningum 2 til 5 og 14 til 20, voru þátttakendur spurðir af handahófi um eina kjöttegund sem þeir höfðu valið í svari við þessari spurningu.

### Spurning 2

7. Í næstu spurningu var spurt hversu oft viðkomandi borði tiltekna kjöttegund. Svörin við þeirri spurningu má sjá á mynd 2.



Mynd 2: Svör við spurningunni „Hversu oft borðar þú [kjöttegund]?“ Athugið að þátttakendur voru spurðir af handahófi um eina kjöttegund sem þeir höfðu keypt fyrir sig eða heimili sitt.


8. Af svörunum sést að talsverður munur er á neysluvenjum á milli kjöttegunda. Þannig segjast 37% kaupenda kjúklings borða hann nokkrum sinnum í viku, 25% í tilviki lambakjöts, 21% í tilviki nautakjöts og aðeins 7% í tilviki svínakjöts og 5% í tilviki hrosskjöts. Þá kveðst rúmlega helmingur neytenda kjúklings, nauta- lamba- og svínakjöts borða þær kjöttegundir nokkrum sinnum í mánuði. Þá kveðast 68% neytenda hrossakjöts einungis borða það nokkrum sinnum á ári.



## 2. Neytendur kaupa kjöt í langflestum tilvikum í matvöruverslunum

### Spurning 3

9. Næst var spurt hvar viðkomandi keypti oftast tiltekna kjöttegund. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 3.



*Mynd 3: Svör við spurningunni „Hvar kaupir þú oftast [tegund kjöts]?“ Myndin sýnir hlutföll og fjölda þeirra sem tóku afstöðu. Athugið að þátttakendur voru spurðir af handahófi um eina kjöttegund sem þau höfðu keypt fyrir heimilið.“*


10. Af töflunni sést að neytendur kaupa í langflestum tilvikum kjöt frá matvöruverslunum. Þannig kaupa 93 til 96 % kaupenda kjúklinga- og svínakjöts þær vörur oftast í matvöruverslunum. Þá sýna niðurstöðurnar einnig að sala beint frá býli hefur þó talsvert vægi við sölu á hrossakjöti en 27% kaupenda hrossakjöts kváðust yfirleitt kaupa þær vörur beint frá býli. Þau kváðust 16% kaupenda lambakjöts og 10% kaupenda nautakjöts kaupa þær vörur beint frá býli. Þá er vægi kjötþúða ekki hátt en 13% kaupenda hrossakjöts og nautakjöts kváðust kaupa þær vörur í kjötþúðum. Þá kváðust einungis 5% kaupenda lambakjöts og 4% kaupenda svínakjöts kaupa þær vörur úr kjötþúðum.



### 3. Uppruni og gæði kjöts skiptir neytendur mestu máli


#### Spurningar 4-5

11. Í næstu spurningu var spurt hvaða þættir skipti svarendur máli þegar þeir kaupa tiltekna kjöttegund. Þátttakendur höfðu kost um að velja fleiri en einn af eftirtöldum valmöguleikum: Verð, vörumerki / framleiðandi, gæði, bragð, fitumagn, sértíloboð, hönnun/merking umbúða, rekjanleiki kjötsins, kolefnisfótspor vörunnar, dýravelferð, að varan sé íslensk, að varan sé erlend, lífræn ræktun, að viðkomandi versli beint af bónda og annað, þá hvað? Svörin við spurningunni má sjá á mynd 4.



*Mynd 4: Svör við spurningunni „hvaða þættir skipta þig máli þegar þú kaupir [tegund kjöts]? Myndin sýnir hlutföll og fjölda þeirra sem tóku afstöðu. Athugið að þátttakendur voru spurðir af handahófi um eina kjöttegund sem þau höfðu keypt fyrir heimilið. Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika.*

12. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru það gæði (59-69%), það að varan sé íslensk (47-68%) og verð (48-57%) sem skiptir flesta neytendur kjöts máli, óháð því hvaða kjöttegund spurt var um. Aðrir þættir sem skipta neytendur máli við kaup á nautakjöti eru bragð (34,7%) og fitumagn (25,6%). Kaupendur lambakjöts völdu einnig bragð (33,1%), dýravelferð (17,8%) og fitumagn (16,4%). Um tveir fimmtu kaupenda svínakjöts segja bragð skipta máli og fimmtungur þeirra völdu einnig dýravelferð og vörumerki/framleiðanda.
13. Í næstu spurningu var spurt hvaða þættir skipti svarendur mestu máli þegar þeir kaupa tiltekna kjöttegund. Gátu svarendur aðeins valið einn valmöguleika af þeim sem þeir höfðu valið í spurningunni á undan. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 5.



Mynd 5: Svör við spurningunni „5. Hvað af eftirfarandi skiptir þig mestu máli þegar þú kaupir \_\_\_\_\_?“Myndin sýnir hlutföll og fjölda þeirra sem tóku afstöðu. Athugið að þátttakendur voru spurðir af handahófi um eina kjöttegund sem þau höfðu keypt fyrir heimilið.

14. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar skiptir það flesta neytendur mestu máli að varan sé íslensk, þó sérstaklega kaupendur lambakjöts (43%) og hrossakjöts (42%). Þá telur stór hluti neytenda einnig að gæði skipti mestu máli eða 40% kaupenda nautakjöts, tæpur þriðjungur kaupenda kjúklings og um fimmtingur kaupenda hrossakjöts, svínakjöts og lambakjöts. Athygli vekur að það er ekki hátt hlutfall neytenda sem nefnir verð sem mikilvægasta þáttinn við kaup á kjöti. Í tilfalli kaupenda svínakjöts eru það hlutfallslega flestir (25%) sem telja verð skipta mestu máli. Á hinn bóginn telja aðeins 15% kaupenda kjúklings og lambakjöts verð vera mikilvægasta þáttinn, 13% kaupenda nautakjöts og einungis 3% kaupenda hrossakjöts.




## 4. Spurningar um staðgöngu á milli kjöttegunda

### 4.1. Takmörkuð staðganga á milli reykt lambakjöts og annars kjöts

Reykt lamba- og svínakjöt

Spurningar 6 til 10

15. Í spurningum 6-10 voru neytendur spurðir út í kaup þeirra á reyktu lamba- og svínakjöti. Í fyrstu spurningu var spurt hvort viðkomandi hefði keypt reykt lamba- og/eða svínakjöt á undanförunum tólf mánuðum. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 6.



Mynd 6: Svör við spurningunni „Hefur þú keypt reykt lamba- og/eða svínakjöt á síðastliðnum 12 mánuðum?“

16. Af þeim sem svöruðu höfðu 46,2% keypt reykt lambakjöt á sl. 12 mánuðum. Var spurningum 7 og 8 einungis beint til þeirra, enda varða þær kaup á reyktu lambakjöti. Aðeins lægra hlutfall svarenda, eða 44,5%, kváðust hafa keypt reykt svínakjöt á umræddu tímabili. Þar sem spurningar 9 og 10 varða kaup á reyktu svínakjöti, var þeim spurningum einungis beint til þeirra.
17. Í spurningu 7 var spurt hvaða þýðingu 5-10% verðhækkun á reyktu lambakjöti hefði haft við ákvörðun viðkomandi um kaup. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 7.



Mynd 7: Svör við spurningunni „Síðast þegar þú keyptir reykt lambakjöt, hver hefðu viðbrögð þín verið ef verð á reyktu lambakjöti hefði hækkað um 5-10%, en verð á öllu öðru kjöti hefði haldist óbreytt?“





18. Af svörunum sést að takmörkuð staðganga er á milli reykt lambakjöts (s.s. hangikjöts) og annars kjöts en 83,4% svarenda hefðu áfram keypt reykt lambakjöt þrátt fyrir verðhækkun. Aðeins 13,7% svarenda sögðust myndu kaupa annað kjöt ef verð á reyktu lambakjöti myndi hækka sem þessu nemur.
19. Spurningu 8 var í kjölfarið einungis beint til þeirra aðila sem kváðust myndu hætta við kaup á reyktu lambakjöti og kaupa í stað þess annað kjöt. Af þeim sögðust flestir eða 33,7% myndu hafa keypt ferskt lambakjöt og næst flestir reykt svínakjöt eða 25,5%. Nánari upplýsingar um svör við þeirri spurningu má einnig sjá á mynd 8.



Mynd 8: Svör við spurningunni „Hverslags kjöt hefðir þú keypt í stað reykt lambakjöts?“

## 4.2. Takmörkuð staðganga á milli reykt svínakjöts og annars kjöts

20. Í spurningu 9 var spurt hvaða þýðingu 5-10% verðhækkun á reyktu svínakjöti hefði haft við ákvörðun viðkomandi um kaup. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 9.



Mynd 9: Svör við spurningunni „Síðast þegar þú keyptir reykt svínakjöt, hver hefðu viðbrögð þín verið ef verð á reyktu svínakjöti hefði hækkað um 5-10%, en verð á öllu öðru kjöti hefði haldist óbreytt?“



21. Af svörunum sést að takmörkuð staðganga er á milli reykt svínakjöts og annars kjöts en 76,2% svarenda hefðu áfram keypt reykt svínakjöt þrátt fyrir verðhækkun. Aðeins 16,8% svarenda sögðust myndu kaupa annað kjöt ef verð á reyktu svínakjöti myndi hækka sem þessu nemur.
22. Spurningu 10 var í kjölfarið einungis beint til þeirra aðila sem kváðust myndu hætta við kaup á reyktu svínakjöti og kaupa í stað þess annað kjöt.




Mynd 10: Svör við spurningunni „Hverslags kjöt hefðir þú keypt í stað reykt svínakjöts?“

23. Af þeim sögðust flestir eða 29,4% myndu hafa keypt ferskt lambakjöt og næst flestir ferskt svínakjöt eða 19,3%. Nánari upplýsingar um svör við þeirri spurningu má einnig sjá á mynd 10.

### 4.3. Takmörkuð staðganga á milli hangiáleggs og annars álegs

Spurningar 11 til 13

24. Í spurningum 11 til 13 voru neytendur spurðir um kaup þeirra á hangiáleggi. Í spurningu 11 var spurt hvort viðkomandi hefði keypt hangiálegg á undanförunum 30 dögum.



Mynd 11: Svör við spurningunni „Hefur þú keypt hangiálegg á sl. 30 dögum?“




25. Líkt og sjá má á mynd 11 svöruðu 37% svaranda játandi og var spurningu 12 í kjölfarið einungis beint til þeirra.
26. Í spurningu 12 var spurt hvaða þýðingu 5-10% verðhækkun á hangiáleggi hefði haft við ákvörðun viðkomandi um kaup. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 12.



Mynd 12: Svör við spurningunni „Síðast þegar þú keyptir hangiálegg, hver hefðu viðbrögð þín verið ef verð á hangiáleggi hefði hækkað um 5-10%, en verð á öllum öðrum áleggjum hefði haldist óbreytt?“

27. Af svörunum sést að takmörkuð staðganga er á milli hangiáleggs og annars áleggs en 68,4% svarenda hefðu áfram keypt hangiálegg þrátt fyrir verðhækkun. Um fjórðungur svarenda sögðust myndu kaupa annað álegg ef verð á hangiáleggi myndi hækka sem þessu nemur.

Spurningu 13 var einungis beint til þeirra aðila sem kváðust myndu hætta við kaup á hangiáleggi og kaupa í stað þess annað álegg.



Mynd 13: Svör við spurningunni „Hverslags álegg hefðir þú keypt í stað hangiáleggs?“

28. Af þeim sögðust flestir eða 56,9% myndu hafa keypt skinku og næst flestir kjúklingaálegg eða 21,3%. Nánari upplýsingar um svör við þeirri spurningu má einnig sjá á mynd 13.




## 5. Neytendur áhugasamir um beint frá býli en takmarkað aðgengi að slíkum vörum

29. Í spurningum 14 til 16 voru neytendur spurðir um kaup á kjötvörum beint frá býli. Í spurningu 14 voru neytendur spurðir hversu oft þeir kaupir kjöt beint frá býli. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 14.



Mynd 14: Svör við spurningunni „Hversu oft kaupir þú [tegund kjöts] beint frá býli?“


30. Líkt og myndin sýnir kaupa neytendur í litlum mæli kjöt beint frá býli. Þannig kveðast langflestir kaupendur kjúklings (89%) og svínakjöts (84%) aldrei kaupa þær vörur beint frá býli. Þá kveðast 68% kaupenda hrossakjöts, 75% kaupenda lambakjöts og 80% kaupenda nautakjöts sjaldan, mjög sjaldan eða aldrei kaupa slíkar vörur beint frá býli. Í kjölfarið, í spurningum 15, voru þeir svarendur sem kváðust sjaldan, mjög sjaldan eða aldrei kaupa vörur beint frá býli spurðir um ástæður þess. Höfðu þeir kost um að velja fleiri en einn af eftirtöldum valmöguleikum: Of hátt verð, of lítið úrval, aðgengi að slíkum söluaðilum takmarkað, enginn slíkur aðili í nágrenninu, skortur á upplýsingum og kaupvenjur. Þá höfðu svarendur einnig kost á að veita skriflegt svar við spurningunni. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 15.



Mynd 15: Svör við spurningunni „Hverjar eru ástæður þess að þú kaupir [tegund kjöts] sjaldan/aldrei beint frá býli?“



31. Á myndinni má sjá að lítið eða ekkert aðgengi, kaupvenjur, skortur á upplýsingum og of mikið umstang eru helstu ástæður fyrir því að umræddir svarendur kaupa sjaldan eða aldrei kjöt beint frá býli. Í næstu spurningu voru viðkomandi svarendur látnir tilgreina meginástæðu þess að þeir kaupi sjaldan eða aldrei kjöt beint frá býli. Þannig gátu svarendur aðeins valið einn valmöguleika af þeim sem þeir höfðu valið í spurningunni á undan. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 16.




Mynd 16: Svör við spurningunni „Hver er meginástæða þess að þú kaupir [tegund kjöts] sjaldan/aldrei beint frá býli?“

32. Flestir svarendur nefna að takmarkað eða ekkert aðgengi að söluaðilum sé meginástæða þess að þeir kaupi sjaldan eða aldrei kjöt beint frá býli eða 43% kaupenda nautakjöts, um helmingur kaupenda kjúklings og hrossakjöts, 38% kaupenda svínakjöts og 58% kaupenda lambakjöts. Næst á eftir nefna svarendur kaupvenjur eða á bilinu 16-29% eftir tegundum kjöts.




## 6. Áberandi mest samkeppnisvandamál í sölu lambakjöts hér á landi

33. Spurningar 17 til 20 varða virkni samkeppni í sölu á kjötvörum á Íslandi. Í spurningu 17 voru neytendur spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru þeirri fullyrðingu að samkeppni sé virk í sölu á tilteknum tegundum kjöts á Íslandi. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 17.



Mynd 17: Svör við spurningunni „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? Það er virk samkeppni í sölu á [tegund kjöts] hér á landi.“


34. Af myndinni að dæma upplifa neytendur áberandi minnsta samkeppni í sölu lambakjöts en tæplega helmingur kaupenda lambakjöts kveðst frekar eða mjög ósammála því að samkeppnin sé virk í sölu þess. Þá er talsverður hluti svarenda hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni eða rúmlega helmingur kaupenda hrossakjöts og um þriðjungur kaupenda nautakjöts, kjúklings og lambakjöts. Hlutfall þeirra sem eru frekar eða mjög sammála því að samkeppni sé virk er hæst í flokki kaupenda nautakjöts eða 38%. Á eftir koma kaupendur kjúklings (36%) og kaupendur svínakjöts (33%). Aðeins 23% svarenda voru mjög eða frekar sammála því að samkeppni væri virk í sölu lambakjöts hér á landi.
35. Í spurningu 18 voru neytendur spurðir hvort þeir hefðu á síðustu tólf mánuðum orðið varir við vandamál sem rekja mætti til skorts á samkeppni í sölu á tilteknum kjöttegundum. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 18.



Mynd 18: Svör við spurningunni „Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú orðið var/vör við vandamál sem rekja má til skorts á samkeppni í sölu á [tegund kjöts] hér á landi, t.d. hærra verð en ella, verri þjónustu eða minni gæða?“




36. Á myndinni kemur skýrt fram að grunsemdir neytenda um samkeppnisvandamál eru útbreiddastar að því er varðar sölu lambakjöts, flestir, eða 31%. 15% kvaðst hafa orðið var við samkeppnisvandamál í tengslum við sölu hrossakjöts, 19% í tilviki nautakjöts, og 10-11% í tilviki svína- og kjúklingakjöts.
37. Spurningu 19 var einungis beint til þeirra svarenda sem kváðust hafa orðið varir við samkeppnisvandamál í spurningu 18. Voru þeir spurðir hver þau vandamál séu. Höfðu þeir kost um að velja fleiri en einn af eftirtöldum valmöguleikum: Enginn marktækur munur á verði fyrir svipaða vöru, verð er of hátt, það er erfitt að bera saman verð, of lítið úrval, gæði ekki nægjanlega mikil, ekki hægt að rekja vöruna beint til bónda, lítil sala beint frá býli og of háir tollar eða aðflutningsgjöld. Þá höfðu svarendur einnig kost á að veita skriflegt svar við spurningunni. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 19.



Mynd 19: Svör við spurningunni „Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni í sölu [tegund kjöts] hér á landi. Hver telur þú að vandamálin á þeim markaði séu?“

38. Á myndinni má sjá að algengustu samkeppnisvandamálin sem svarendur nefna eru vandamál tengd verðlagningu og verðsamanburði, of lítið úrval og lítil sala beint frá býli.
39. Í næstu spurningu voru svarendur beðnir um að tilgreina helsta vandamálið í samkeppni í sölu kjöts. Þannig gátu svarendur aðeins valið einn valmöguleika af þeim sem þeir höfðu valið í spurningunni á undan. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 20.



40.

Mynd 20: Svör við spurningunni „Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni í sölu [tegund kjöts] hér á landi. Hvað telur þú að sé helsta vandamálið á þeim markaði?“

41. Í tilfalli sölu nautakjöts nefna flestir svarendur engan marktækan mun á verði fyrir svipaða vöru (30%) og of hátt verð (32%). Í tilfalli sölu lambakjöts nefna flestir svarendur engan marktækan mun á verði fyrir svipaða vöru (33%), litla sölu beint frá býli (17%) og erfiðleika við að bera saman verð (16%). Þá nefnir fjórðungur og helmingur svarenda of lítið úrval í tilfalli kaupa á hrossa- og svínakjöti.





## 7. Áþekkt hlutfall neytenda telur aukinn innflutnings á kjöti hafa haft jákvæð og neikvæð áhrif á hag þeirra

42. Í spurningu 21 voru neytendur spurðir hversu jákvæð eða neikvæð áhrif aukinn innflutningur á erlendu kjöti hafi haft á kjör þeirra sem neytenda. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 21.




*Mynd 21: Svör við spurningunni „Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur aukinn innflutningur á erlendu kjöti haft á kjör þín sem neytanda?“*

43. Af framangreindum svörum að dæma telja 28% svarenda að áhrifin hafi verið frekar eða mjög jákvæð og 27% að áhrifin hafi verið frekar eða mjög neikvæð. Þá telja 44% svarenda að aukinn innflutningur hafi hvorki haft jákvæð eða neikvæð áhrif á þá.



## 8. Tæpur helmingur neytenda telur frekari lækkun eða niðurfellingu tolla hafa jákvæð áhrif á kjör neytenda en rúmlega fimmtungur að áhrifin séu neikvæð

44. Í spurningu 22 voru neytendur spurðir hversu jákvæð eða neikvæð áhrif frekari lækkun eða niðurfelling tolla eða aðflutningsgjalda á kjötafurðir myndi hafa á kjör þeirra sem neytenda. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 22.



Mynd 22: Svör við spurningunni „Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að frekari lækkun eða niðurfelling tolla eða aðflutningsgjalda á kjötafurðir myndi hafa á kjör þín sem neytanda?“

45. Af svörunum að dæma telur 45% svarenda að frekari lækkun eða niðurfelling tolla eða aðflutningsgjalda á kjötafurðir myndu hafa frekar eða mjög jákvæð áhrif á hag þeirra sem neytenda. Tæp 23% svarenda telur aftur á móti að áhrifin myndu verða frekar eða mjög neikvæð.



**Skýrsla Zenter - niðurstöður könnunar á meðal neytenda sem framkvæmd var fyrir Samkeppniseftirlitið**

# Samkeppniseftirlitið

## Desember 2020

Skýrsla þessi er einungis ætluð þeim aðila sem hana keypti.  
Öll opinber dreifing eða birting er óheimil án samþykkis Zenter.

# FRAMKVÆMD

## Lýsing á rannsókn

Fyrirtæki:	Samkeppniseftirlitið
Framkvæmdatími:	11. til 22. desember 2020
Aðferð:	Netkönnun meðal könnunarhóps Zenter rannsókna

## Stærð úrtaks og svörun

Úrtak:	2.500(einstaklingar 18 ára og eldri)
Svarendur:	1285
Svarhlutfall:	51%


# EFNISYFIRLIT

## Bls.


- 2 Framkvæmd  
**Niðurstöður**
- 4 – 10 1. Hverjar, ef einhverjar, af eftirtöldum kjötvörum kaupir þú yfirleitt fyrir þig eða heimili þitt?
- 11 2. Hversu oft borðar þú \_\_\_\_\_?
- 12 – 13 3. Hvar kaupir þú oftast \_\_\_\_\_?
- 14 – 15 4. Hvaða þættir skipta þig máli þegar þú kaupir \_\_\_\_\_?
- 16 – 17 5. Hvað af eftirfarandi skiptir þig mestu máli þegar þú kaupir \_\_\_\_\_?
- 18 – 24 6. Hefur þú keypt reykt lamba- og/eða svínakjöt á síðastliðnum 12 mánuðum?
- 25 – 31 7. Síðast þegar þú keyptir reykt lambakjöt, hver hefðu viðbrögð þín verið ef verð á reyktu lambakjöti hefði hækkað um 5-10%, en verð á öllu öðru kjöti hefði haldist óbreytt?
- 32 8. Hverslags kjöt hefðir þú keypt í stað reyks lambakjöts?
- 33 – 39 9. Síðast þegar þú keyptir reykt svínakjöt, hver hefðu viðbrögð þín verið ef verð á reyktu svínakjöti hefði hækkað um 5-10%, en verð á öllu öðru kjöti hefði haldist óbreytt?
- 40 10. Hverslags kjöt hefðir þú keypt í stað reyks svínakjöts?
- 41 – 44 11. Hefur þú keypt hangiálegg á sl. 30 dögum?
- 45 – 51 12. Síðast þegar þú keyptir hangiálegg, hver hefðu viðbrögð þín verið ef verð á hangiáleggi hefði hækkað um 5-10%, en verð á öllum öðrum áleggjum hefði haldist óbreytt?
- 52 13. Hverslags álegg hefðir þú keypt í stað hangiáleggs?
- 53 14. Hversu oft kaupir þú \_\_\_\_\_ beint frá býli?
- 54 – 55 15. Hverjar eru ástæður þess að þú kaupir \_\_\_\_\_ sjaldan/aldrei beint frá býli?
- 56 – 57 16. Hver er meginástæða þess að þú kaupir \_\_\_\_\_ sjaldan/aldrei beint frá býli?
- 58 17. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu?  
Það er virk samkeppni í sölu á \_\_\_\_\_ hér á landi.
- 59 18. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú orðið var/vör við vandamál sem rekja má til skorts á samkeppni í sölu á \_\_\_\_\_ hér á landi, t.d. hærra verð en ella, verri þjónustu eða minni gæða?
- 60 – 61 19. Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni í sölu \_\_\_\_\_ hér á landi. Hver telur þú að vandamálin á þeim markaði séu?
- 62 – 63 20. Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni í sölu \_\_\_\_\_ hér á landi. Hvað telur þú að sé helsta vandamálið á þeim markaði?
- 64 – 67 21. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur aukinn innflutningur á erlendu kjöti haft á kjör þín sem neytanda?
- 68 – 71 22. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að frekari lækkun eða niðurfelling tolla eða aðflutningsgjalda á kjötafurðir myndi hafa á kjör þín sem neytanda?
- 72 **Vigtun**
- 73 **Nánari upplýsingar**

# 1. Hverjar, ef einhverjar, af eftirtöldum kjötvörum kaupir þú yfirleitt fyrir þig eða heimili þitt?

Fjöldi svara	1246 100.0%
Kjúklingakjöt	953 76.5%
Lambakjöt	786 63.1%
Nautakjöt	669 53.7%
Svínakjöt	536 43.0%
Hrossakjöt	215 17.3%
Annað kjöt	55 4.4%
Ég kaupi ekki kjöt	84 6.7%
Veit ekki	2 0.2%
Vil ekki svara	2 0.2%



# 1. Hverjar, ef einhverjar, af eftirtöldum kjötvörum kaupir þú yfirleitt fyrir þig eða heimili þitt?






# 1. Hverjar, ef einhverjar, af eftirtöldum kjötvörum kaupir þú yfirleitt fyrir þig eða heimili þitt?

	Kjúklingakjöt	Lambakjöt	Nautakjöt	Svínakjöt	Hrossakjöt	Annað kjöt	Ég kaupi ekki kjöt
<b>Kyn</b>							
<b>A. Karl</b>	76.5% --	71.7% -B	57.8% -B	46.4% -B	21.5% -B	6.6% -B	4.5% -B
<b>B. Kona</b>	77.0% --	54.9% A-	49.9% A-	39.9% A-	13.1% A-	2.2% A-	9.0% A-
<b>Aldur</b>							
<b>A. 18-24 ára</b>	66.2% --CDEF	32.3% -BCDEF	49.6% --D--	38.1% ----F	3.7% -BCDEF	5.1% -B----	14.9% --CDEF
<b>B. 25-34 ára</b>	70.8% --CDE-	44.1% A-CDEF	56.7% ----F	36.2% ----F	15.5% A--D-F	0.8% A-C-EF	12.8% --CDEF
<b>C. 35-44 ára</b>	79.8% AB----	58.3% AB-DEF	56.3% ----F	45.1% -----	15.0% A--D-F	5.5% -B----	5.7% AB--E-
<b>D. 45-54 ára</b>	83.3% AB----	74.6% ABC--F	62.1% A--EF	43.8% -----	23.4% ABC--	2.3% ---E-	3.3% AB----
<b>E. 55-64 ára</b>	82.8% AB----	78.7% ABC--F	51.9% --D--	44.8% -----	17.4% A----F	7.2% -B-D--	1.6% ABC--
<b>F. 65 ára eða eldri</b>	76.7% A-----	87.4% ABCDE-	45.9% -BCD--	50.3% AB----	25.8% ABC-E-	6.1% -B----	3.0% AB----
<b>Búseta</b>							
<b>A. Höfuðborgarsvæðið</b>	77.7% --	59.0% -B	56.3% -B	37.9% -B	12.2% -B	4.2% --	8.5% -B
<b>B. Landsbyggðin</b>	74.9% --	71.0% A-	49.4% A-	52.7% A-	26.6% A-	4.7% --	3.5% A-

# 1. Hverjar, ef einhverjar, af eftirtöldum kjötvörum kaupir þú yfirleitt fyrir þig eða heimili þitt?




# 1. Hverjar, ef einhverjar, af eftirtöldum kjötvörum kaupir þú yfirleitt fyrir þig eða heimili þitt?


	Kjúklingakjöt	Lambakjöt	Nautakjöt	Svínakjöt	Hrossakjöt	Annað kjöt	Ég kaupi ekki kjöt
<b>Menntun</b>							
<b>A. Grunnskólapróf eða minna</b>	76.8% ----	61.9% ----	50.6% ---D	51.3% --C-	25.0% --CD	3.0% ----	4.4% --C-
<b>B. Próf á framhaldsskólastigi</b>	74.2% ---D	66.6% --C-	47.1% --CD	44.5% ----	18.1% ----	5.6% --C-	5.7% --C-
<b>C. Grunnám í háskóla</b>	77.7% ----	59.8% -B--	57.2% -B--	39.2% A---	15.8% A---	2.3% -B-D	10.3% AB--
<b>D. Framhaldsnám í háskóla</b>	81.1% -B--	60.7% ----	62.1% AB--	42.7% ----	14.0% A---	5.6% --C-	6.3% ----
<b>Fjöldi barna</b>							
<b>A. Ekkert</b>	73.8% --CD	65.4% -B--	51.6% --C-	41.7% ----	18.2% ----	5.7% -B--	9.0% -BCD
<b>B. 1</b>	76.6% --C-	55.4% A---	55.1% ----	43.4% ----	15.6% ----	1.4% A---	3.3% A---
<b>C. 2</b>	88.4% AB--	64.7% ----	61.7% A---	47.2% ----	13.7% ----	2.0% ----	4.3% A---
<b>D. 3 eða fleiri</b>	84.8% A---	65.2% ----	59.1% ----	47.7% ----	21.8% ----	4.6% ----	- A---
<b>Fjölskyldutekjur</b>							
<b>A. Lægri en 550 þúsund</b>	69.7% -BC	55.5% -BC	39.9% -BC	38.6% ---	16.7% ---	2.7% ---	13.9% -BC
<b>B. 550 til 999 þúsund</b>	77.2% A--	64.9% A--	49.8% A-C	40.2% ---	16.7% ---	5.0% ---	5.1% A--
<b>C. Milljón eða hærr</b>	82.7% A--	67.1% A--	65.1% AB-	43.3% ---	21.3% ---	3.9% ---	4.7% A--

# 1. Hverjar, ef einhverjar, af eftirtöldum kjötvörum kaupir þú yfirleitt fyrir þig eða heimili þitt?

## Áhrif innflutnings á kjör neytenda



## Áhrif lækkun/niðurfelling tolla/aðflutningsgjalda á kjör neytenda




■ Kjúklingakjöt ■ Lambakjöt ■ Nautakjöt ■ Svínakjöt ■ Hrossakjöt ■ Annað kjöt ■ Ég kaupi ekki kjöt

# 1. Hverjar, ef einhverjar, af eftirtöldum kjötvörum kaupir þú yfirleitt fyrir þig eða heimili þitt?

	Kjúklingakjöt	Lambakjöt	Nautakjöt	Svínakjöt	Hrossakjöt	Annað kjöt	Ég kaupi ekki kjöt
<b>Áhrif innflutnings á kjör neytenda</b>							
<b>A. Jákvæð áhrif</b>	86.9% --C	57.5% -BC	68.8% -BC	51.8% --C	16.1% --C	9.0% -BC	- ---
<b>B. Hvorki né</b>	86.7% --C	69.6% A-C	56.5% A--	44.9% ---	18.2% --C	4.6% A--	- ---
<b>C. Neikvæð áhrif</b>	74.2% AB-	80.2% AB-	54.5% A--	40.9% A--	24.8% AB-	2.4% A--	- ---
<b>Áhrif lækkun/niðurfelling tolla/aðflutningsgjalda á kjör neytenda</b>							
<b>A. Jákvæð áhrif</b>	89.6% -BC	63.3% --C	65.6% -BC	52.4% -BC	17.7% --C	7.5% -BC	- ---
<b>B. Hvorki né</b>	78.8% A--	68.9% ---	54.4% A--	39.4% A--	16.6% --C	3.9% A--	- ---
<b>C. Neikvæð áhrif</b>	76.0% A--	75.8% A--	52.3% A--	38.1% A--	26.1% AB-	2.9% A--	- ---

## 2. Hversu oft borðar þú \_\_\_\_\_?




### Meðaltal (1-5)

Kjöttegund	Meðaltal	Munur á milli hópa
<b>A. Nautakjöt</b>	3.0	-BCDE
<b>B. Kjúklingur</b>	3.3	A-CDE
<b>C. Hrossakjöt</b>	2.3	AB-DE
<b>D. Svínakjöt</b>	2.7	ABC-E
<b>E. Lambakjöt</b>	3.1	ABCD-

Töflur og myndir sýna hlutföll og fjölda þeirra sem tóku afstöðu. Bókstafir í töflu sýna marktækan mun á milli hópa m.v. 95% öryggisbil. Athugið að þátttakendur voru spurðir af handahófi um eina kjöttegund sem þau höfðu keypt fyrir heimilið.

### 3. Hvar kaupir þú oftast \_\_\_\_\_?




### 3. Hvar kaupir þú oftast \_\_\_\_\_?

Kjöttegund	Matvöruverslunum	Beint frá býli	Kjötþúðum	Annars staðar, þá hvar?
<b>A. Nautakjöt</b>	75.0% -BCD-	10.0% -BCD-	12.7% -B-DE	2.4% --C--
<b>B. Kjúklingur</b>	96.4% A-C-E	0.2% A-CDE	1.1% A-CDE	2.3% --C--
<b>C. Hrossakjöt</b>	51.6% AB-DE	26.9% AB-DE	13.3% -B-DE	8.2% AB-DE
<b>D. Svínakjöt</b>	92.6% A-C-E	2.4% ABC-E	3.9% ABC--	1.1% --C--
<b>E. Lambakjöt</b>	77.9% -BCD-	16.0% -BCD-	4.6% ABC--	1.5% --C--



## 4. Hvaða þættir skipta þig máli þegar þú kaupir \_\_\_\_\_?

### Kjöttegund




## 4. Hvaða þættir skipta þig máli þegar þú kaupir \_\_\_\_\_?

Kjöttegund	Að varan			Bragð	Dýravelferð	Vörumerki/framleiðandi	Sértilboð	Rekjanleiki		Kolefnisfótspor vörunnar	Að ég			Að varan sé erlend	Annað, þá hvað?
	Gæði	sé íslensk	Verð					kjötsins	Fitumagn		kaupi beint af bónda	Lífræn ræktun	Hönnun/merking umbúða		
<b>A. Nautakjöt</b>	69.2% -BCDE	57.0% -B-E	48.3% -----	34.7% -B---	11.6% -B-D-	12.2% ---D-	11.7% --C--	13.0% -----	25.6% -B-DE	4.8% ---D-	10.5% -BCD-	4.7% -----	6.3% ---D-	2.6% -B-DE	2.2% -----
<b>B. Kjúklingur</b>	54.5% A----	47.2% A-C-E	52.4% --C--	12.6% A-CDE	20.6% A----	15.4% --C--	11.6% --C-E	13.3% -----	4.0% A-CDE	7.7% -----	0.6% A-CDE	6.5% -----	3.5% ---D-	0.2% A----	5.0% -----
<b>C. Hrossakjöt</b>	53.2% A----	68.2% -B---	37.3% -B-D-	33.0% -B---	15.7% -----	4.2% -B-DE	2.1% AB-DE	15.7% -----	19.2% -B---	3.1% -----	23.1% AB-D-	2.3% -----	- -----	- -----	3.7% -----
<b>D. Svínakjöt</b>	55.5% A----	54.2% ----E	56.9% --C--	42.7% -B-E	20.5% A----	21.5% A-C--	16.6% --C--	11.2% -----	10.4% AB---	10.4% A----	3.3% ABC-E	7.0% -----	0.5% AB-E	- A----	2.7% -----
<b>E. Lambakjöt</b>	58.7% A----	68.0% AB-D-	48.7% -----	33.1% -B-D-	17.8% -----	15.0% --C--	17.8% -BC--	13.8% -----	16.4% AB---	9.4% -----	14.8% -B-D-	9.0% -----	3.4% ---D-	- A----	2.5% -----

Taflan sýnir hlutföll og fjölda þeirra sem tóku afstöðu. Athugið að þátttakendur voru spurðir af handahófi um eina kjöttegund sem þau höfðu keypt fyrir heimilið. Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika.

## 5. Hvað af eftirfarandi skiptir þig mestu máli þegar þú kaupir \_\_\_\_\_?

### Kjöttegund



## 5. Hvað af eftirfarandi skiptir þig mestu máli þegar þú kaupir \_\_\_\_\_?

Kjöttegund	Að varan	Gæði	Verð	Bragð	Dýravelferð	Sértilboð	Vörumerki/framleiðandi	Að ég kaupi beint af bónda	Fitumagn	Rekjanleiki kjötsins	Lífræn ræktun	Kolefnisfótspor vörunnar	Hönnun/merking umbúða	Að varan sé erlend	Annað, þá hvað?
	sé íslensk														
A. Nautakjöt	26.9% ---E	39.9% -BCDE	12.5% ---D-	5.9% -B-D-	1.9% -B---	0.9% ---D-	1.7% -----	2.2% -BC--	3.5% -B--E	1.3% -----	0.3% -B---	1.0% -----	1.1% -----	- -----	0.9% -----
B. Kjúklingur	35.3% ---D-	27.5% A---E	14.5% --CD-	0.3% A-CDE	7.8% A----	3.6% -----	2.5% -----	0.1% A-C-E	0.5% A-CD-	1.6% -----	3.1% A--DE	1.1% -----	- -----	- -----	2.0% -----
C. Hrossakjöt	41.6% ---D-	22.5% A----	3.4% -B-DE	8.4% -B---	7.2% -----	- -----	1.3% -----	9.4% AB-DE	4.5% -B--E	1.8% -----	- -----	- -----	- -----	- -----	- -----
D. Svínakjöt	22.7% -BC-E	21.5% A----	24.7% ABC-E	11.8% AB--E	4.2% -----	4.5% A----	2.9% -----	1.0% -C--	3.5% -B--E	0.6% -----	- -B---	0.9% -----	- -----	- -----	1.7% -----
E. Lambakjöt	43.3% A--D-	20.0% AB---	15.2% --CD-	5.8% -B-D-	4.7% -----	2.2% -----	2.1% -----	2.9% -BC--	0.7% A-CD-	1.4% -----	0.3% -B---	- -----	0.3% -----	- -----	1.1% -----


## 6. Hefur þú keypt reykt lamba- og/eða svínakjöt á síðastliðnum 12 mánuðum?

<b>Fjöldi svara</b>	<b>1157</b> 100.0%
<b>Já, reykt lambakjöt (t.d. hangikjöt)</b>	522 45.1%
<b>Já, reykt svínakjöt (t.d. hamborgarhryggur)</b>	503 43.5%
<b>Nei, hvorugt</b>	431 37.3%
<b>Veit ekki</b>	24 2.1%
<b>Vil ekki svara</b>	2 0.2%



Athugið að myndin til hægri sýnir aðeins hlutfall þeirra sem tóku afstöðu. Athugið að hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika og er því samanlögð prósentu hærri en 100%.


## 6. Hefur þú keypt reykt lamba- og/eða svínakjöt á síðastliðnum 12 mánuðum?



